

Heildarforðakerfi í stað brotaforðakerfis

Hefur þú velt fyrir þér hves vegna fjármálakreppur hafa verið svona tíðar? Eða hvers vegna skuldir fara sívaxandi, jafnvel í þróuðum ríkjum?

Svörin við þessum spurningum liggja í því hvernig peningar verða til, hverjir fá að búa til peninga og í hvaða magni.


Bankar búa til nýja peninga með útlánnum

Núverandi fyrirkomulag peningamyndunar kallast brotaforðakerfi (e. fractional reserves). Í því felst að innlánsstofnunum er mögulegt að búa til með útlánnum nýjar innstæður. Þessar innstæður eru í gildi peninga enda hægt að greiða með þeim skatta og skuldir. Megnið af öllum viðskiptum í nútímabjórðfélagi eiga sér stað með millilfærslum á milli innstæðureikninga, en peningaseðlar koma sjaldan við sögu.

Seðlabankinn býr til seðla og mynt, sem eru um 40 milljarðar. Bankarnir hafa hins vegar búið til 20 sinnum meira peningamagn í formi innstæðna, um 1.000 milljarða. Það sem við köllum í daglegu tali íslenskar krónur eru því að langmestu leyti rafkrónur sem búnar eru til af bönkum sem vaxtaberandi skuld. Bankarnir innheimta vexti af hverri rafkrónu sem þeir setja í umferð og fá þannig árlega tugi milljarða í vaxtatekjur.

Bankar sveifla peningamagni

Forsenda fyrir stöðugu verðlagi er að magn peninga í umferð sé stöðugt og í góðu samræmi við stærð hagkerfisins. Reynslan hefur hins vegar sýnt að einkareknar innlánsstofnanir magna sveiflur í peningamagni með útlánnum sínum og auka þar með á sveiflur í verðlagi. Þegar efnahagshorfur eru góðar keppast bankar við að lána út peninga, oft með þeim afleiðingum að eignabólur myndast. Á samdráttarskeiðum verða bankar svo áhættufælnir og vinna að því að draga saman útlán sín, en afleiðingin af því er aukinn samdráttur og jafnvel kreppa.



Þessi þróun hefur verið skýr undanfarinn áratug eins og sést á myndinni hér að ofan. Peningamagn í umferð (M2) fimmfaldaðist frá 2002 til 2008 Þróunin snérist við eftir hrun og peningamagn dregist saman um 15% frá nóvember 2008 til júlí 2012. Tilraunir Seðlabanka til að hafa stjórn á peningamyndun bankanna hafa borið lítinn árangur.

Bankar mega ekki fara í þrot

Önnur óæskileg afleiðing brotaforðakerfisins er að innlánsstofnanir mega ekki fara í þrot því þá myndi fólk ekki hafa aðgang að innstæðum sínum til að kaupa nauðsynjar. Afleiðingin gæti orðið upplausnarástand. Stjórnvöld sem standa frammi fyrir slíkri ógn neyðast því til að bjarga bönkunum með skattfé almennings. Stórar innlánsstofnanir eru þannig í þeirri sérstöku aðstöðu að vera einkafyrirtæki sem geta velt taprekstri yfir á samfélagið en haldið hagnaðinum þegar vel gengur.

Skuldafen

Nær allir peningar í landinu eru búnir til sem vaxtaberandi skuld og vextirnir af þeim nema tugum milljarða árlega. Ekkert hagkerfi getur til lengdar staðið undir því að greiða vexti af öllum peningum í umferð án þess að sökkva dýpra og dýpra í skuldafenið. Hér á Íslandi má áætla að vaxtabyrðin liggi á bilinu 30-40 milljarðar ár hvert.

Skuldirnar leggjast bæði á hið opinbera og einkaaðila. Jafnvel þeir sem skulda ekkert þurfa samt að greiða vexti óbeint, með sköttum sínum sem renna til að greiða vexti af ríkisskuldum og einnig í formi hærra verðs fyrir vörur og þjónustu, þar sem fyrirtæki þurfa að greiða vexti af sínum lánnum.

Afleiðingin brotaforðakerfisins er því sú að jafnvel ríki sem hafa náð stórkostlegum árangri í framleiðslu verðmæta, eins og Bandaríkin, eru sokkin í skuldafen sem vart sér út úr.

Lausnin

Lausnin á vanda núverandi peningakerfis felst í því að taka upp heildarforðakerfi (e. Full reserve banking) í stað brotaforðakerfisins (e. Fractional reserve banking). Það þýðir að tekið er fyrir möguleika innlánsstofnana til að búa til

nýjar innstæður með útlánnum. Breyta þarf lögum þannig að Seðlabankinn einn hafi heimild til að búa til peninga, hvort sem peningarnir eru úr pappír, málmí eða á rafrænu formi sem innstæður.

Lausar innstæður eða hlaupareikningar eru í raun rafrænir peningar og þeir ættu ávallt að vera aðgengilegir innstæðuhöfum, jafnvel þótt banki fari í þrot. Lausar innstæður verða því geymdar á reikningi hjá Seðlabanka en ekki hjá einkareknum innlánsstofnunum.

Seðlabankinn mun ekki greiða vexti af lausum innstæðum. Þær eru einfaldlega rafkrónur í geymslu hjá Seðlabanka og þurfa ekki að bera vexti frekar en seðlar og mynt í bankahólf.

Bankar sem taka við lausum innlánnum, munu gera það fyrir hönd Seðlabankans sem geymir peningana vaxtalaust. Bankar geta aðeins ávaxtað peninga sem lagðir eru á bundna innlánsreikninga og þá peninga geta bankar lánað út. Bundnir reikningar geta verið uppsegjanlegir með ákveðnum fyrirvara eða lausir eftir ákveðinn tíma. Bankar munu bjóða hærri innlánsvexti eftir því sem innlánið er bundið til lengri tíma.

Bankar munu því áfram gegna því mikilvæga hlutverki að taka við sparnaði og veita útlán. En bankar munu ekki hafa heimild til að búa til nýja peninga með útlánastarfsemi.

Skipt yfir í heildarforðakerfi

Þeir peningar sem innlánsstofnanir hafa þegar búið til, yrðu áfram í umferð, en þeir yrðu færðir á reikning Seðlabankans við umskiptin. Öll laus innlán verða þannig færð af skuldahlið innlánsstofnana yfir á skuldahlið Seðlabankans. Samhliða mun Seðlabankinn eignast jafn háa kröfu á innlánsstofnanirnar. Þannig eru efnahagsreikningar banka og Seðlabanka í jafnvægi.

Seðlabankinn fær kröfur sína á bankana greiddar jafn óðum og bankarnir ná að innheimta þau útlánasöfn sem stóðu á móti innstæðunum. Það gæti tekið 5-7 ár.

Bankarnir munu því hafa nokkur ár til að aðlaga rekstur sinn að hinu nýju fyrirkomulagi og lækkandi tekjum af útgáfu rafpeninga.

Sett yrði á fót peningamagnsnefnd sem myndi starfa óháð framkvæmdavaldinu. Hlutverk nefndarinnar væri að meta reglulega hvort þörf væri á að auka peningamagn í samræmi við hagvöxt eða önnur þjóðhagsleg viðmið.

Markmið peningamagnsnefndar yrði að stuðla að stöðugleika út frá þjóðhagslegum markmiðum. Nefndinni væri sérstaklega meinað að auka peningamagn til fyrirfram ákveðinna verkefna.

Hafi peningamagnsnefnd ákveðið að þarft sé að auka peningamagn, er viðbótinni komið í umferð með því að leggja hana inn á reikning ríkissjóðs hjá Seðlabanka.

Það færi svo eftir stefnu ríkisstjórnar á hverjum tíma hvort nýjum peningum yrði varið til að greiða niður ríkisskuldir, til lækkunar á sköttum eða til að auka ríkisútgjöld. Nýju fé yrði komið í umferð með lýðræðislegum hætti og aðeins varið í samræmi við gildandi fjárlög.

Ávinningurinn

Með því að afnema getu innlánsstofnana til að auka og minnka framboð peninga sem afleiðingu af útlánastarfsemi er mjög dregið úr líkum á eignabólum og skuldakreppum.

Þar sem allar lausar innstæður munu verða tryggilega geymdar í Seðlabanka og allar innstæður í innlánsstofnunum verða bundnar, þá er ekkert tilefni til áhlaups á banka. Því verður ekki lengur þörf á innstæðutryggingakerfinu.

Rafrænir peningar munu vera aðgengilegir og greiðslumiðlun ótrufluð þótt bankar fari á hausinn. Það er því engin ástæða til að velta tapi þeirra yfir á skattgreiðendur.

Jafn óðum og skuldir innlánsstofnana upp við Seðlabanka Íslands verða greiddar upp mun Seðlabankinn setja í umferð rafpeninga að sömu fjárhæð til að halda peningamagn í hagkerfinu óbreyttu.

Gera má ráð fyrir að Seðlabankinn muni setja samtals 3-400 milljarða í umferð með þessum hætti fyrstu árin, upphæðinni mætti verja til að lækka ríkisskuldir.

Samfélagið myndi ekki framar þurfa að greiða bönkum árlega tugi milljarða í vexti fyrir það eitt að búa til gjaldmiðilinn. Þegar slíkri vaxtabyrði er aflétt af samfélaginu verður mun auðveldara að draga úr skuldsetningu einstaklinga og fyrirtækja.

Verðbólga verður miklu minni en áður þar sem mun auðveldara verður að stýra peningamagn út frá hagvaxtarhorfum en við höfum áður kynnst. Verðtrygging lána verður því óþörf.

Nánari upplýsingar

Viltu vita meira? Kynntu þér málið hjá Átaki fyrir betra peningakerfi:

<http://betrapeningakerfi.is/>

<http://www.facebook.com/Betrapeningakerfi>

postur@betrapeningakerfi.is

